

3.fundur umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar Fjarðarvegi 3, mánudaginn 10. nóvember. 2014 og hófst kl. 17:00

Mætt eru: Gunnólfur Lárusson, formaður, Jósteynn Hermundsson, Steinunn Leósdóttir, Kristján Úlfarsson, Karl Ásberg Steinsson. Gunnólfur Lárusson ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð. engar athugasemdir gerðar.

Dagskrá :

1. Skipulagslýsing vegna kirkjugarðsins á Þórshöfn.

Skipulagslýsing vegna deiliskipulags Kirkjugarðarins á Þórshöfn hefur verið kynnt opinberlega að höfðu samráði við Skipulagsstofnun. Engar athugasemdir hafa borist. Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir framlagða tillögu að deiliskipulagi Kirkjugarðsins og felur formanni að auglýsa tillöguna í samræmi við lög þar um. Samþykkt samhljóða.

2. Deiliskipulag vegna athafnarsvæðis við Langholt.

Tekin fyrir tillaga að deiliskipulagi athafnarsvæðis við Langholt á Þórshöfn sem auglýst var samkvæmt 1.mgr. 41. gr. skipulags- og byggingarlaga frá 29. september til 3. nóvember 2014. Engar athugasemdir bárust. Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir deiliskipulagið og leggur til við sveitarstjórn að samþykkja skipulagið og senda skipulagsstofnun til yfirferðar og afgreiðslu. Samþykkt samhljóða.

3. Önnur mál.

- Nokkur umræða fór fram um sorpmál.
- Nokkur umræða fór um nafn á nýja botlanganum við Langholt og voru fundarmenn sammála nafninu Lágholt.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl.18:30